



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Ráðhúsið
101 REYKJAVÍK

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greiningar og sérkennsluþörf - R18080158

BORGARRÁÐ 25. október 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greiningar og sérkennsluþörf - R18080158

Sérkennslu skal veita börnum þegar greining á sérkennsluþörf liggur fyrir. Samkvæmt svari sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn er kostnaður vegna sérkennslu á leikskólastigi kr. 1.436.708 þús. árið 2017, (+ kostnaður skv. lið 1 í svari). Í svari er gefinn upp kostnaður beggja skólastiga, leik- og grunnskóla, vegna sérkennslu 2017 samtals kr. 3.616.349 þús. Kostnaður vegna grunnskóla 2018 er kr. 2.370.485 þús., en þá er ekki talinn með kostnaður vegna kennslu á sjúkrahúsum og í sérdeildum. Ætla má því kostnað vegna sérkennslu beggja skólastiga alls um 4,5 milljarða árið 2018. Hafa skal í huga að um 30% nemenda grunnskólans eru að jafnaði í sérkennslu. Er það ásættanlegur árangur að 30% drengja og 12% stúlkna geti ekki lesið sér að gagni við lok grunnskólans? (skv. tölum frá ráðuneyti). Spurningin er hvort sú sérkennsla eins og hún er sett upp í dag sé að nýttast börnum með fullnægjandi hætti? Spurt er: Liggja ávallt fyrir greiningar á sérkennsluþörf og vel grundaðar kennsluáætlanir áður en barn fer í sérkennslu?

SVAR

Leikskóli

Samkvæmt verkferlum vegna úthlutunar á stuðningi til leikskóla þarf leikskóli að senda beiðni um athugun á barni til sérfræðipjónustu. Þegar niðurstöður greininga liggja fyrir og greiningarniðurstöður benda til frávika sækir viðkomandi leikskólastjóri um úthlutun sérkennslutíma. Í reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum er það ábyrgðarmaður sérkennslu sem ber ábyrgð á gerð eintaklingsáætlana og sér um að þeim sé framfylgt og þær endurmetnar. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því hvernig úthlutun stuðnings er nýttur og hvernig hún skiptist milli einstakra barna. Leikskólanum ber að skila greinagerð til skrifstofu skóla- og frístundsviðs um nýtingu fjármagns vegna stuðning þar sem fram kemur lýsinga á framkvæmd stuðnings og mat á árangri. Þegar leikskóli sækir um áframhaldandi stuðning fyrir barn þurfa að koma fram upplýsingar um nýtingu fjármagns sem og námslega staða barns og mat á framförum. Sérkennsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum veita stuðning og ráðgjöf við gerð og endurmat einstaklingsnámskrár. Mikilvægt er að það komi fram að greining er ekki alltaf forsenda úthlutunar stuðnings. Þar sem leikskólar starfa í anda hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun eru í einhverjum tilvikum veittur stuðningur ef vandi barns er augljós og búið er að senda inn beiðni um athugun á þjónustumiðstöð. Í slíkum

tilvikum gilda sömu reglur, einstaklinsnámskrá er útbúin í samráði við sérkennsluráðgjafa á þjónustumiðstöð. Þegar frummat sérfræðings liggur fyrir er einstaklingsnámskráin endurmetin með tilliti til niðurstaðna.

Ekki liggur fyrir rannsókn eða heildarúttekt á framkvæmd sérkennslu í leikskólum Reykjavíkur og því er ekki hægt að svara því hvort að hún sé að nýtast börnum með fullnægjandi hætti.

Grunnskóli

Úthlutun fjármagns til stuðnings og sérkennslu í grunnskólum er með tvennum hætti.

- Almenn úthlutun til sérkennslu vegna nemenda með almenna og sértæka námsörðugleika, svo sem í lestri, íslensku og stærðfræði, vegna raskana á hreyfifærni og mál og talörðugleika. Úthlutunin tekur mið af nemendafjölda í skóla. Skólar bera ábyrgð á nýtingu fjármagnsins og skipulagi stuðnings/sérkennslunnar.
- Sértæk úthlutun til þjónustu og sérstaks stuðnings við mikið fatlaða nemendur og nemendur með alvarlegar raskanir. Úthlutunin tekur mið af viðmiðunarreglum Jöfnunarsjóðs um fatlanir og þroska- og geðraskanir. Skólar bera ábyrgð á nýtingu fjármagnsins og skipulagi stuðnings/sérkennslunnar.

Þegar fatlaður nemandi eða nemandi með miklar sérþarfir hefur nám í grunnskóla er stuðningur og/eða sérkennsla skipulögð á grundvelli fyrirliggjandi greininga. Vakni grunsemdir um fötlun eða alvarlegar sérþarfir hjá nemanda eftir að grunnskólaganga hefst er málinu vísað til þar til bærra greiningaraðila en jafnframt er strax skipulagður fyrsti stuðningur meðan beðið er eftir greiningarniðurstöðum.

Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 er kveðið á um að starfsfólk skóla skuli meta hvaða nemendur kunni að eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, eða aðra aðra námsörðugleika, með viðeigandi matstækjum. Jafnframt að sé þörf á nánari athugun og greiningu á grundvelli mats skuli óskað eftir skólþjónustu sem skal aðstoða starfsfólk við greiningu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem geta haft áhrif á námsframvindu.

Í öllum grunnskólum fara reglulega og markvisst fram skimanir s.s. í lestri og stærðfræði og þannig leitað að nemendum sem kunna að eiga í erfiðleikum með nám. Niðurstöður slíkra skimana, ásamt niðurstöðum samræmdra prófa og námsmats í skólum eru síðan lagðar til grundvallar við skipulag almennrar sérkennslu í skólunum. Í flestum skólum sem hafa í þjónustu sinni menntaða sérkennara fara jafnframt fram námslegar greiningar á einstökum nemendum, s.s. vegna lestrarerfiðleika og eru niðurstöður slíkra námslegra greininga lagðar til grundvallar þeirrar sérkennslu sem skipulögð er fyrir viðkomandi nemanda.

Sérkennsla getur varað í langan tíma hjá einstökum nemendum, jafnvel alla skólagönguna en einnig getur verið um tímabundið afmarkað inngríp að ræða. Hún getur farið fram innan eða utan almennu skólastofunnar, einstaklingslega eða í litlum hópum. Sé nemandi í viðvarandi sérkennslu í langan tíma s.s. vegna alvarlegra lestrarerfiðleika er eðlilegt að gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir nemandann sem tekur til þess sérstaka inngríps sem skipulagt er í nám hans.

Samkvæmt reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 með síðari breytingum er skólum skylt að gera rökstudda einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakling sem nýtur sértæks stuðnings, sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður

nemanda og athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá skólunum hvort gerðar séu einstaklingsnámskrár vegna allra nemenda með metnar sérþarfir.

Skólum er gert að senda inn til fagskrifstofu SFS heildaráætlun um stuðningsþjónustu sína árlega. Þar kemur m.a. fram hvernig staðið er að gerð einstaklingsnámskráa og ábyrgð á gerð þeirra en skólum er hins vegar ekki gert að skila þeim inn til skrifstofunnar. Hins vegar hefur starfsfólk skólaþjónustu skyldu gagnvart eftirfylgni og mat á árangri tillagna sem gerðar eru varðandi viðeigandi úrræði á grunni athugunar þeirra eða greininga.

Ekki liggja fyrir rannsóknir eða úttektir í íslensku skólastarfi á nýtingu eða árangri sérkennslu í grunnskólum og því ekki hægt að svara spurningunni um hvort sérkennsla sé að nýtast börnum með fullnægjandi hætti.

Grunnskóli – málefni barna sem læra íslensku sem annað tungumál

Úthlutun fjármagns til kennslu í íslensku sem öðru máli er byggt á niðurstöðum **Milli mála** málkönnunarprófsins. Málkönnunarprófið var tekið til notkunar 2015 og er úthlutað tvisvar sinnum á ári.

Milli mála er próf var samið í þeim tilgangi að meta það hvort börn sem hafa annað móðurmál en íslensku hafi nægilega góð tæk á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í þeim bekk sem þau eru í. Efni prófsins er að miklu leyti byggt á orðaforða, setningagerð og málfari sem notað er í kennslubókum í íslenskum skólum. Prófið er ætlað börnum í öllum bekkjum grunnskólans (1. til 10. bekk) sem eru með annað móðurmál en íslensku eða íslenskum börnum sem dvalið hafa lengur en 5 ár erlendis.

Heildarstigafjöldi er reiknaður út úr prófinu og flokkast stigin í þrjá flokka:

Í rauðan flokkast þau börn með sem eru með mjög slakan orðaforða í íslensku og lakari en nauðsynlegt er til að skilja það sem fram fer í skólanum og til þess að vinna þau verkefni sem lögð eru fyrir þau.

Í **Gulan** flokkast þau sem þurfa sennilega einhverja hjálp, en standa þó ágætlega að mörgu leyti.

Í grænan flokkast þau börn sem ættu ekki að eiga í miklum vandræðum.

Úthlutað var á haustönn 2018 kr. 55.000 pr. nemenda sem eru á rauðu og kr. 32.650 pr. nemenda sem kemur út á gulu. Alls var úthlutað kr. 85.923.800 á haustönn 2018 fyrir 2207 nemendur. Hver skóli útfærir kennslu í íslensku sem öðru máli samkvæmt fjölda nemenda og úthlutun fjármagns.

Gert er ráð fyrir að nemendur eru endurmetnir á þriggja ára fresti til að kanna hver staða þeirra er í íslensku sem öðru máli og mun sú úttekt fyrst fara fram á vorönn 2019.

Leikskólar


Líkt og í grunnskólum var fjármagn til leikskóla vegna stuðnings við börn með annað móðurmál en íslensku aukið í kjölfar djúpgreiningar 2017 en þá hafði það að mestu haldist óbreytt frá árinu 2006 þrátt fyrir að börnum hafi fjölgað um helming frá því ári. Úthlutað hefur verið einu sinni á ári skv. viðmiðunarreglum en í þeim segir: *Úthlutuðu fjármagni er ætlað að mæta kostnaði við laun starfsmanna vegna fjölmenningslegrs leikskólustarfs (í því*

felst: móttaka og aðlögun barna af erlendum uppruna, málörvun og kennsla íslensku sem annars máls, foreldrasamstarf og vinna með fjölbreytta menningu og móðurmál) námsefniskaupa og fræðslu til starfsfólks.

Eftir þessa breytingu jókst fjármagnið um 53.000.000 og er nú rúmlega 90.000.000. Í úthlutun er miðað við fjölda barna af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar 1. október ár hvert. Leikskólar með 15 börn eða fleiri sem eru að læra íslensku sem annað mál fá úthlutað sem nemur 1.3% af stöðugildi fyrir hvert barn talið frá fyrsta barni. Þá er einnig úthlutað fjármagni vegna barna í leikskólum með 14 börn og færri og vegna barna sem byrja í leikskólanum á síðasta ári fyrir grunnskóla. Upphæðir miðast við fjölda barna ár hvert.

Mikilvægt er að efla starf leikskóla með íslensku sem annað mál til að efla mál og læsi fjölmenngra leikskólabarna en niðurstöður *Milli mála* sýna að 44% barna sem þurfa stuðning við nám í grunnskóla eru fædd á Íslandi og hafa mörg hver gengið í leikskóla. Verkefnastjóri fjölmenningar á leikskólaskrifstofu sinnir ráðgjöf og fræðslu til leikskóla varðandi málefnið en leikskólar hafa einnig aðgang að fræðsluefni og gagnlegum verkfærum í gegnum vefina www.allirmed.is og www.tungumalergjof.com

Leikskólar munu skila greinagerð með starfsáætlun 2018 um skipulag starfsins en líkt og í grunnskólum er skortur á sérhæfðum leikskólakennurum til að vinna með fjölmenningu og íslensku sem annað mál.



Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar 2006-2017

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skól- og frístundasviðs